

ÞJÓNUSTA VIÐ FATLAÐA OG HREYFIHAMLAÐA FLUGFARÞEGA



FÖTLUÐUM OG HREYFI- HÖMLUÐUM FLUGFARÞEGUM SEM EKKI KOMAST AUÐVELDLEGA UM BÝÐST AÐSTOÐ ÞJÁLFAÐS AÐSTOÐARFÓLKXS SÉR AÐ KOSTNAÐARLAUSU Í FLUGSTÖÐ LEIFS EIRÍKSSONAR.

Rétt á þjónustu eiga:

- Farþegar sem geta ekki auðveldlega gengið langar vegalengdir, t.d. sjúkir, slasaðir eða aldraðir
- Farþegar í hjólastól
- Heyrnalausir og heyrnaskertir
- Blindir og sjónskertir
- Greindarskertir

Farþegar geta sótt um aðstoð hjá farmiðasölum og flugrekendum eða umboðsaðilum þeirra **minnst 48 klst. fyrir auglýsta brottför** en beiðnin verður að berast þjónustumiðstöð flugstöðvarinnar **a.m.k. 36 klst. fyrir brottför**.

Einnig er hægt að óska aðstoðar í þjónustusíma **425 6500**, senda á netfangið **prm@kefairport.is** með sama fyrirvara. Ef sótt er um síðar en 36 klst. fyrir brottför mun starfsfólk að sjálfsgöðu leggja sig fram um að veita skjóta þjónustu en hafa þarf í huga að einhver bið getur þá orðið.

Aðstoð er veitt frá merktum móttökustöðum á bílastæði og í brottfararsal að loftfari eða í farþegasæti eftir þörfum.

ÁRÍÐANDI ER AÐ TILKYNNNA FARMÍÐASALA EÐA FLUG- REKANDA UM ÞÖRF FYRIR AÐSTOÐ MEÐ MINNST 48 KLST. FYRIRVARA.

Mikilvægt er að taka fram:

- Hvernig aðstoðar er þörf
- Hve mikil fötlun eða hreyfihömlun er
- Hvort farþegi getur gengið stuttar vegalengdir eða ekkert
- Hvort farþegi getur gengið upp eða niður stiga
- Um blindu eða sjónskerðingu
- Um heyrnarleysi eða heyrnarskerðingu
- Um greindarskerðingu
- Flugnúmer og dagsetningu flugs
- Bókunarnúmer farseðils
- Hvort farþegi er með eigin hjólastól (venjulegan eða rafmagnsknúinn)
- Annað sem talið er þarft að vita svo veita megi sem besta þjónustu (t.d. innilokunarkennd, flogaveiki, o.þ.h.)



Við komu á flugvöll þurfa farþegarnir að láta vita af komu sinni:

- Í síma 425 6500.
- Með kallkerfi á sérmerktu bílastæði við norðurhlið flugstöðvar, brottfararmegin.
- Með kallkerfi á sérmerktum stað í brottfararsal.

Farþega verður skjótt vitjað og sérþjálfað starfsfólk okkar mun leggja sig fram um að veita þægilega og örugga þjónustu.

Verið velkomin í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

